

Cobaboranir vegna grundunar
dagvistunarstofnunar við Rekagranda í
Reykjavík

Þórólfur H. Hafstað

Greinargerð PHH-89-05

COBRABORANIR VEGNA GRUNDUNAR DAGVISTUNARSTOFNUNAR
VIÐ REKAGRANDA Í REYKJAVÍK

Að beiðni byggingadeildar skrifstofu Borgarverkfræðings voru boraðar holur með cobrabor á fimm stöðum á byggingarreit við Rekagranda, kippkorn vestan Grandaskóla. Vegna grundunar skólans var fyrst borað á fjórum stöðum (sbr. bréf Bjarna Kristinssonar o.fl. frá 14. mars 1986) og aftur veturinn 1988-1989 (sbr. greinargerðir PHH-88/04 og PHH-89/02). Á þetta er hér bent þar sem líklegt þykir að eitthvað megi byggja á reynslu af þeim athugunum við grundun mannvirkja við Rekagranda.

Borað var við fjóra hæla, sem byggingardeildarmenn höfðu út sett. Byrjað var við þann hælinn, sem næstur er sjó og hann nefndur No 1, og síðan við hvern hælinn af öðrum; rangsælis. Að síðustu var borað sem næst miðsvegar milli hælanna (No 5).

Á sumum borstaðanna reyndist nauðsynlegt að bora oftar en einu sinni þar sem fyrirstaða fannst lygilega grunnt. Var þá borun endurtekin í um það bil meters fjarlægð, eins og jafnan er siður. Hællinn var þá skilinn eftir í þeirri holu er dýpst varð á hverjum borstað.

Það reyndist mjög erfitt að draga borstangir upp úr dýpstu holunum. Álitid er sennilegt, að stangir hafi verið reknar niður í gegn um mýrarjarðveg og ofan í misgrýtt setlag þar undir.

Áberandi er veruleg fyrirstaða (grjót?) sem fram kemur á 4-5 m dýpi í holum No 1, 2a, 2b, 5a og 5b. Þessarar fyrirstöðu verður lítið vart í hinum holunum.

Við cobraborun er mældur reksturshraði borstanga á 20cm bili. Hraðaferlarnir eru rissaðir upp á þrem meðfylgjandi blöðum. Í borlok þýðir fullyrðingin „stopp“ að borinn hafi nánast stöðvast, en fyrirstaðan ekki afmörkuð. „Fast“ merkir að fyrirstaðan sé ákveðin og borinn heggur á fastri klöpp eða stórum steini.

Hola No 1: 8,90 m		
Hola No 2a: 4,75 m	Hola No 2b: 5,15 m	
Hola No 3a: 2,75 m	Hola No 3b: 7,85 m	
Hola No 4: 8,30 m		
Hola No 5a: 3,80 m	Hola No 5b : 4,15 m	Hola No 5c: 7,80

Talið er afar ólíklegt að staurar rekist jafnlangt niður og cobra-stangir og er ítrekað að reynsla frá grundun Grandaskóla sé nýtt til hlýtar.

Með virðingu

Þórólfur H. Hafstað.


100

HEFLAERLAR COBRAHORUNNAR

6. Sept 1973
244
BLAÐ 1
COBRAHORUNNAR


Nº 1 ("NOBBUR")

10 20 30 40 50 60 sek/20cm




Nº 2a ("VESTUR")

10 20 30 40 50 60 sek/20cm




Nº 2b ("VESTUR")


10 20 30 40 50 60 sek/20cm




No 32 ("SUBUR")



No 36 ("SUBUR")





No 4 ("AUSTUR")



No 5a ("MIDJA")

No 5b ("MIDJAN")



No 5c ("MIDJAN")

